

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259, 16. júní 1977
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 1 254.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald kr. 2 870.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er kr. 3 000.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gisli Einarsson.

Nr. 313.

31. júlí 1979.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Með tilvísun til 62. gr. Orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá og með 1. ágúst 1979.

A. Hitataxtar hækki sem hér segir:

4.1. Orkugjald	kr.	26.62 á kWst.
4.2. Orkugjald	kr.	12.81 á kWst.
4.3. Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	kr.	132 575.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafllstillingu 20 kW	kr.	26 515.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	kr.	5.53 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	kr.	41.90 á kWst.
4.4. Orkugjald	kr.	7.29 á kWst.
6.1. Orkugjald	kr.	36.46 á kWst.
6.2. Orkugjald	kr.	17.73 á kWst.
6.3. Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	kr.	179 810.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafllstillingu 20 kW	kr.	35 962.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	kr.	7.50 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	kr.	41.90 á kWst.
6.4. Orkugjald	kr.	10.24 á kWst.